

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2009, þriðjudaginn 15. desember, kl. 10.00 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til **75. fundar** að Óseyri 2, Akureyri. Formaður, Árni Kristjánsson, setti fundinn.
Fyrir voru tekin eftirtalin erindi.

1. Pólarhestar ehf, Grýtubakka II, Grýtubakkahreppi, sækja um leyfi fyrir einbýlishúsi á jörðinni Grýtubakka II, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Opus teikni-& verkfræðistofu, dags. 10.12.2009, verk nr. 091201.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

2. Tomas Martin Seiz, Nolli, Grýtubakkahreppi, sækir um leyfi fyrir að rífa forstofu og byggja nýja ásamt pottastofu við íbúðarhúsið að Nolli, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus teikni-& verkfræðistofu, dags. 24.09.2009, verk nr. 090303.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

3. Ólafur G. Vagnsson, Hlébergi, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir að reisa skjólgirðingu 180 sm háa á merkjum Hlébergs og lands sveitarfélagsins við norðurenda Hjallatraðar og á norðurmörkum lóðarinnar Hjallatröð 4. Meðfylgjandi eru tölvumyndir sem sýna fyrirhugaða girðingu.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

4. Galleríið í sveitinni ehf, Teigi, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir vinnustofu á lóð úr jörðinni Teigi, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá ABS teiknistofu, dags. 10.09.2009.
Einnig er sótt um leyfi fyrir sumarhúsi sem flutt hefur verið á lóðina og notað er sem gallerí.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

5. Norðurorka hf, Rangárvöllum, Akureyri, sækir um leyfi fyrir að byggja dæluhús á lóð úr jörðinni Syðri-Skjaldarvík, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Verkfræðistofu Norðurlands, dags. 1. sept. 2009, verk nr. 758.00.0100.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

6. Erna Sigurbjörg Traustadóttir, Búðasíðu 2, Akureyri, sækir um leyfi fyrir tækjageymslu á sumarhúsalóð nr. 4 í landi Steðja, Hörgárbyggð, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Verkfræðistofu Norðurlands, dags. okt. 2009, verk nr. 1040-00-0101.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti, en telur að grendarkynna ætti þessa framkvæmd, þar sem hún samræmist ekki gildandi deiliskipulagi.

7. Sigrún Jósefsdóttir, Draumahæð 8, Garðabæ, sækir um leyfi fyrir frístundahúsi á lóð nr. 3 á sumarhúsasvæði á jörðinni Þrastarhóli, Arnarneshreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Svanlaugi Sveinssyni, dags. sept. 2009.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

8. Ingibjörg Jósefsdóttir, Ólafsgesla 20, Reykjavík, sækir um leyfi fyrir sambyggðu gesta-og geymsluhúsi á eignarlóð sinni úr jörðinni Þrastarhóli, Arnarneshreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningu eftir Gunnar Sigtryggsson, dags. 24. september 2009.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

9. Margrét V. Magnúsdóttir, Ytri-Reistará, Arnarneshreppi, sækir um leyfi til að byggja lausagöngufjós, bogaskemmu, á jörðinni Ytri-Reistará, samkvæmt meðfylgjandi teikningu eftir Jónas Vigfússon, dags. 27.09.2009, verk nr. 2009.04.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.15

Árni Kristjánsson	Klængur Stefánsson	Kristján Kjartansson
Egill Bjarnason	Hermann Jónsson	Jósavin Gunnarsson